

# SUF SÍÐAN

## YFIRLÝSING SUF OG SFV

# Markmið og leiðir Íslenzkrar vinstri hreyfingar

Af hálfu framkvæmdastjórna Samtaka frjálslyndra og vinstri manna og Sambands ungra framsóknarmanna hafa s.l. tvo mánuði farið fram viðræður um stöðu íslenzkrar vinstri hreyfingar. Tilefni þessara viðræðna var sú almenna hreyfing, sem nú birtist æ víðar í íslenzkum stjórnmálum og felst í viðtækum kröfum um samstöðu fé-

lagshyggju- og umbótafélksins í landinu gegn íhaldsöflunum.

Í viðræðunum milli framkvæmdastjórna þessara samtaka var fjallað um þessa óhjákvæmilegu sögulegu þróun frá ýmsum hliðum. Framkvæmdastjórnirnar komust að sameiginlegum niðurstöðum, sem greinast í fjóra megin-

ræðis, þar sem ákvörðunarrétturinn byggir á virku lýðræði, ekki aðeins í kosningum til löggjafarþings og sveitarstjórna, heldur og í fyrirtækjum, í hagsmunasamtökum og í skólum.

11. Þjóðfélag, þar sem samfélagið í heild mótast gegn instefnunum, en einstaklingarnir njóta ákvörðunarfræðis að þeim mörkum, að þjóðarheildin bíði ekki tjón af.

12. Þjóðfélag, þar sem réttur

skoðanalegs minni hluta er virtur og réttarstaða hans tryggð.

13. Þjóðfélag ábyrgra þegna, sem byggja störf sín á félagslegri samhjálp og samvinnu og stýra í raun þjóðfélagsþróuninni að þeim leiðum, en hafna annars vegar forsjá og stjórn peningavaldsins með eigingirminna að leiðarljósi, og hins vegar alráðu ríkisvaldi.

14. Þjóðfélag, sem setur metn

að sinn í að verja, skapa og vernda sjálfstæða íslenzka menningu og menningararfleifð, en rækir jafnframt hið mikilvæga hlutverk smáþjóðarinnar á alþjóðavettvangi og tekur heils hugar þátt í hverju því alþjóðlegu samstarfi, sem stefnir að lausn þeirra miklu vandamála allra þjóða að tryggja frið í heiminum og brúa gjána, sem nú skilur ríkar þjóðir og snauðar.

— \* — \* —

— \* — \* —

## Sameining jafnaðar- og samvinnumanna í einum flokki og markmið hans

I.

Framkvæmdastjórnir SUF og SFV álíta, að nú þegar verði að hefjast handa um að stofna öflugan stjórnmálaflokk með sameiginlegu átaki Framsóknarflokksins, Alþýðuflokksins og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna og annarra þeirra, sem aðhyllast lýðræðissinnaða jafnaðarstefnu og samvinnustefnu.

Markmið þessa flokks verði að skapa:

1. Þjóðfélag, þar sem jöfnuður og mannleg samhjálp sitja í öndvegi.
2. Þjóðfélag, sem tryggir sókn þjóðarinnar til æ fullkomnara og virkara lýðræðis, aukinnar menningar og andlegs sem líkamlegs heilbrigðis allra þegna þjóðfélagsins.
3. Þjóðfélag, þar sem hver einstaklingur getur valið sér eigið lífsform og þroskað hæfileika sína við skilyrði stjórnmálalegs, efnalegs og andlegs frelsis.
4. Þjóðfélag, sem tryggir öll um frelsi frá ótta, skorti og hvers konar efnalegum þvingunum, mismunum og þjóðfélagslegu óréttlæti og hefur réttaröryggi og afkomuöryggi að leiðarljósi.
5. Þjóðfélag, þar sem allir hafa jafnan rétt til menntunar og jafna möguleika

á að njóta allra menningarlegra gæða, sem þjóðfélagið skapar.

6. Þjóðfélag, sem styður að heilbrigðu lífsgæðamati og setur manngildið í öndvegi, en hafnar því gildismati fjármagns og peningavalds, sem þjóðfélag þeirra afla skapar.
7. Þjóðfélag, sem stöðugt sækir fram til aukinnar velmegunar með skynsamlegri stjórnun og áætlunum um hversu íslenzkar auðlindir verði nýttar af mestri fyrirhyggju og atvinnulíf, sem á þeim byggir, verði þróað, án þess að vera að neinu marki byggt upp á fjárfestingu útlendinga.
8. Þjóðfélag, sem missir aldrei sjónar á verndun fegurðar og sérkenna íslenzkrar náttúru og rétti allra landsmanna til að njóta þeirra, en hafnar skyndigróða, sem síðar gæti spillt verðmætum, sem ekki verða til fjármetin.
9. Þjóðfélag jafnaðar, sem stefnir að útrýmingu hvers konar misréttis milli stétta og milli þegna eftir búsetu, en viðurkennir í reynd þjóðfélagslegt mikilvægi allra starfsgreina og jafnar því efnaleg met á milli þeirra.
10. Þjóðfélag frelsis og lýð-

## Nýr flokkur - sterkasta stjórnmálaafl þjóðarinnar

II.

Það er skoðun framkvæmdastjórna SUF og SFV, að þjóðfélagsþróunin hafi á seinni árum fjarlægzt þau markmið, sem að framan greinir. Samfélagsskipunin markast nú af auknu misrétti þegna, efnalegu, menningarlegu og félagslegu, lítt heftu peningavaldi, skorti á virku lýðræði á nær öllum þjóðlífs sviðum, skoðanamyndun, sem fjármálavaldið ræður að miklu, vaxandi áhrifum erlends auðmagns og klíku- og smákóngavaldi á stjórnmálavaldinu.

Þessa uggvænlegu þjóðfélagsþróun má að hluta rekja til sundrunar íslenzkra vinstri afla, sem fært hefur Sjálfstæðisflokknum viðtækustu völdin í íslenzkum stjórnmálum. Úrelt aðgreining lýðræðissinnaðra jafnaðarmanna og samvinnumanna hefur lamað umbótaþrótt þjóðarinnar og dregið úr krafti þeirra fjöldahreyfinga, verkalýðshreyfingar og samvinnuhreyfingar, sem bezt eiga að duga almenningi í hinni viðtæku lífskjarabaráttu. Núverandi flokkakerfi hefur þannig í reynd verkað sem hindrun á framkvæmd þeirra þjóðfélagsumbóta, sem helgaðar eru af hugsjónum jafnaðar og samvinnu, frelsis og lýðræðis.

Það er brýnasta stjórnmála- verkefni samtímans að tengja

saman í eina heild alla flokka og samtök lýðræðissinnaðra jafnaðarmanna og samvinnumanna. Hinn nýi flokkur, sem samstundis yrði stærsta og

sterkasta stjórnmálaafl þjóðarinnar, myndi í nánú samstarfi við verkalýðshreyfingu og samvinnuhreyfingu hrinda í framkvæmd þeim þjóðfélagsmarkmiðum, sem fyrr eru greind. Hann mundi hefja stjórnmálastráf á herra svið, varðveita sjálfstæði þjóðarinnar og skapa henni það samfélag, sem meiri hluti hennar vill í reynd og þráir.

## Samstarf verkalýðshreyfingar og samvinnuhreyfingar

III.

Jafnhliða slíkri stjórnmála- legri nýskipan verður að efla og endurskipuleggja mikilvægustu hagsmunasamtök fólksins í landinu, samvinnuhreyfingu og verkalýðshreyfingu. Samræma verður markmið og verkefni hins nýja flokks og þessara tvöggja fjöldahreyfinga og þannig ryðja úr vegi hindrunum fyrir því, að náð samstarf þeirra gæti orðið að veruleika. Samvinnuhreyfingin verður að slíta tengsl sín við samtök

fjármálavaldsins og taka upp sjálfstæða og jákvæða stefnu í kjar- og hagsmunamálum verkafólks og annarra launþega. Á sama tíma auðveldi verkalýðshreyfingin samvinnuhreyfingunni slíka stefnubreytingu með því að hafa aðra afstöðu og beita öðrum aðgerðum í hinni almennu kjarabaráttu gagnvart samvinnuhreyfingunni. Ennfremur beiti forystumenn verkalýðshreyfingarinnar sér fyrir því, að félagsmenn hennar taki öflugri þátt í samvinnustarfinu.

## Sameiginlegar aðgerðir - afstaða til ríkisstjórnar

IV.

Þótt myndun sameiginlegra stjórnmálasmata lýðræðis-

sinnaðra jafnaðarmanna og samvinnumanna sé knýjandi Framhald á bls. 22.